

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/771

Komudagur 212 1996

Gýgjarhólskoti I 30 jan 1996

Umhverfisnefnd alþingis

Vegna bréfs um tillögu til þingsáliktunar um verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal.

Að ætla sér að eiganst þetta land er ekki marmið sem ríkið á að setja sér. Tæpast verður séð að því landi og eða náttúruperlum sem ríkið hefur eitt með að gera sé meiri sómi sýndur eða betur um hirt en það sem í einkaeigu er. Eins tel ég þeim fjármunum, sem til þess væri varið að kaupa upp land, mun betur varið til að efla rannsóknir á svæðinu. Samkvæmt greinagerðinni virðist þetta svæði vera lítið rannsakað og því lítið að byggja á ef setja á boð og bönn um athafnafrelsi og nýtingu heimamanna á náttúruauðlindum.

Um nýtingu vatnsins á svæðinu er það að segja að það veit enginn fyrir víst hvort þær boranir sem gerðar hafa verið, hafi áhrif á hverasvæðið. Það verður að teljast lágmarkskrafa að áhrif borana og dælingar vatns í nágreninu séu vísindalega sönnuð (ransökuð eins gjörla og þekking jarðvísindamanna hrekkur til) og ef að þær rannsóknir sýna fram á óæskileg áhrif af nýtingu jarðvarmans er sjálfsagt að setja hömlur á frekari nýtingu enda komi fullar bætur fyrir.

Það að nýta affallið af hverunum ætti ekki að vera neinum til meins en staðnum til framdráttar. Einnig má ætla að erlendum ferðamönnum þyki áhugavert að sjá með hve einföldum hætti má nýta jarðvarman í fullri sátt við umhverfið.


Eiríkur Jónsson